

# Heilsueflandi framhaldsskóli



## HEILSUEFLANDI framhaldsskóli

Heilsueflandi framhaldsskóli byggist á þeirri stefnu að nálgast heilsueflingu og forvarnir út frá víðtæku og jákvæðu sjónarhorni með það að markmiði að stuðla að vellíðan og auknum árangri allra í skólasamfélaginu, nemenda og starfsfólks. Nálgunin veitir aukin tækifæri til að efla tengslin við nærsamfélagið og auka þannig stuðning og tækifæri nemenda og starfsfólks til að tileinka sér jákvæðan og heilbrigðan lífsstíl.

Samkvæmt [Aðalnámsskrá framhaldsskóla \(2011\)](#) Opnast í nýjum glugga er Heilbrigði og velferð nú einn af sex grunnþáttum menntunar. Þátttaka í Heilsueflandi framhaldsskóla styður skóla í að innleiða þennan grunnþátt í öllu sínu starfi. Heilsuefling í skólaumhverfi er byggð á [Ottawa sáttmála Alþjóðaheilbrigðisstofnunar \(WHO\)](#). Lög um framhaldsskóla eru höfð til hliðsjónar sem og [Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi](#) Opnast í nýjum glugga. Starfsemi Embættis landlæknis á sviði heilsueflingar og forvarna í framhaldsskólum felur fyrst og fremst í sér viðmið um heilsueflandi starf. Á vefsíðunni [heiluseflandi.is](#) Opnast í nýjum glugga geta heilsueflandi framhaldsskólar fyllt út viðmið um heilsueflandi starf. Hér má sjá [viðmið Heilsueflandi framhaldsskóla](#) Opnast í nýjum glugga í formi gátlista sem framhaldsskólar vinna með.

**Áherslupættir** sem viðmiðin innihalda eru byggð á sex viðfangsefnum, þ.e. **hreyfingu, næringu, geðrækt, tóbak-, rafrettur, áfengi og vímuefni, jafnrétti og kynheilbrigði og að lokum öryggi.**

Auk þess eru tvö viðfangsefni um **starfsmenn** annarsvegar og **verklag** hinsvegar.

Fjölmargar rannsóknir styðja þessa nálgun enda sýna þær að heilsueflandi umhverfi bætir líðan nemenda, stuðlar að bættum námsárangri og dregur úr brottfalli.

## Heilsuefling og forvarnir í stefnumótun

Nálgunin býður upp á að stefna skólans innihaldi forvarnir og heilsueflingu sem gerir framhaldsskólum kleift að marka sér skýra stefnu, skerpa á aðgerðaráætlunum og forvörnum og jafnframt mynda á hagnýtan hátt skýran ramma utan um þennan almenna málaflokk.

Nálgunin var þróuð í samráði við [mennta- og menningarmálaráðuneytið](#) Opnast í nýjum glugga, [velferðarráðuneytið](#) Opnast í nýjum glugga og [Samband íslenskra framhaldsskólanema \(SÍF\)](#) Opnast í nýjum glugga.

Viðmiðunarlistar eru þróaðir af stýrihóp sem tekur faglegt tillit til þess sem starfið felur í sér, og eru jafnframt að hluta til unnir í samvinnu við skólana vegna umhverfis, aðstæðna og áherslna þeirra og hafa verið rýndir af stjórnendum í framhaldsskólum.

Allir framhaldsskólar taka þátt og eru þeir mislangt á veg komnir, en forrystuskóli starfsins er [Flensborgarskólinn í Hafnarfirði](#) Opnast í nýjum glugga.

